



Hafnarfjörður 30. janúar 2018

Kæru foreldrar/forráðamenn,

Í gær þann 29. janúar og í dag 30. janúar fá nemendur afhentan vitnisburð sem sýnir stöðu þeirra í náminu miðað við þau hæfniviðmið sem nú þegar hafa verið metin.

Eins og flestum ætti að vera kunnugt þá höfum við tekið í notkun nýtt námsmat í öllum árgöngum Hraunvallaskóla. Nánari útlitun á frammistöðu birtist í hæfnikorti nemenda á mentor undir „gráu flísinni“ sem heitir „námsmat“. Hægt er að finna leiðbeiningar um hvernig farið er inn á hæfnikort nemenda á youtube rás mentors. Þá er farin eftirfarandi leið:

Youtube.com/infomentor Ísland/spilunarlistar/heimilin/10.Námsmat

[https://www.youtube.com/watch?v=cKCW5q-QZ8&index=10&list=PLX-N504onYI\\_I0Jk4lm46UphLktxfHv3](https://www.youtube.com/watch?v=cKCW5q-QZ8&index=10&list=PLX-N504onYI_I0Jk4lm46UphLktxfHv3)

Æskilegt er að skoða hæfnikort síns barns vel fyrir samtal við umsjónarkennara á samtalsdegi þann 31. janúar.

**Í yngri deild er vitnisburður gefinn með fjórum táknum sem merkja;**



framúrskarandi



hæfni náð



þarfnast þjálfunar



hæfni ekki náð

**Í 5.-10.bekk er vitnisburður gefinn í bókstöfunum A-D**

**A** framúrskarandi

**B+** góð hæfni í viðmiðum og sýnir burði sem flokka má til næsta stigs

**B** góðri hæfni náð

**C+** á góðri leið með að ná hæfniviðmiðunum

**C** þarfnast þjálfunar í hæfniviðmiði/um

**D** hæfni ekki náð, úrræða er þörf

Í unglingadeild, valáföngum, er ýmist gefið lokið/ólókið, A-D eða á sama hátt og í yngri deild.

Með von um ánægjuleg og árangursrík samtöl.  
Bestu kveðjur frá stjórnendum og kennurum.